

UM HLJÓÐKERFISVITUND

Góð hljóðkerfisvitund er ein af megin forsendum þess að lestrarnám barns gangi vel. Hljóðkerfisvitund er yfirhugtak sem vísar til almennrar færni við að skynja hljóðræna uppbyggingu tungumálsins án tengsla við merkingu orða (Snow, Burns og Griffin, 1998, bls. 52). Einfalda skýringin er sú að góð hljóðkerfisvitund feli í sér getu til að brjóta málsgrein upp í stök orð, orð í atkvæði og atkvæði í stök hljóð.

Yfirlit yfir hljóðkerfishæfni í samræmi við þróun hennar

Aldur	Þróun hljóðkerfishæfnipáttanna	Reynsla af ritmáli		
4	Að þekkja/kunna barnahljóð	Lærir stafi	Byggir upp sjónrænan orðaforða	Umskráir stafi í hljóð
	Að þekkja rím			
	Að tengja saman atkvæði			
	Að sundurgreina atkvæði			
5	Stuðlun	Lærir stafi	Byggir upp sjónrænan orðaforða	Umskráir stafi í hljóð
	Að greina eftir upphafshljóðum			
	Að greina í sundur atkvæði (stuðlar og rím)			
	Að ríma			
5½	Að vinna með atkvæði	Lærir stafi	Byggir upp sjónrænan orðaforða	Umskráir stafi í hljóð
	Að greina byrjunar- og endahljóð			
	Að tengja saman hljóð			
	Að sundurgreina/aðgreina hljóð			
6	Að bæta við hljóðum	Lærir stafi	Byggir upp sjónrænan orðaforða	Umskráir stafi í hljóð
	Að eyða hljóðum úr orðum			
	Að skipta á hljóðum í orði			

(Muter, 2006, bls. 56.)

Eins og sést á myndinni er hljóðavitundin efsta stig hljóðkerfisvitundarinnar og felur hún í sér getu til að sundurgreina/aðgreina hljóð, að bæta við hljóðum, að eyða hljóðum úr orði og að skipta út hljóðum í orði. Áður en formlegt lestrarnám hefst er mjög mikilvægt að barn búi yfir þessari færni og þurfa bæði leik- og grunnskólar að tryggja vandaða kennslu og markvissa þjálfun til að öll börn nái tókum á færninni. Langflestir leikskólar landsins leggja fyrir skimunarprófið Hljóm-II og má reikna með að í aðdraganda og í kjölfar fyrirlagnarinnar fari fram markviss og góð þjálfun. Þrátt fyrir þetta eru alltaf einhver börn sem þurfa hljóðkerfisvitundarþjálfun í grunnskóla og því þarf að gera ráð fyrir þjálfun hljóðkerfisvitundar á því skólástigi líka.

Heimildaskrá

Muter, V. (2006). The prediction and screening of children's reading difficulties. Í M. J. Snowling og J. Stackhouse (ritstj.), *Dyslexia speech and language; A practitioner's handbook*. (2. útgáfa, bls. 54-73). London: Whurr Publishers.

Snow, C. E., Burns, M. S. og Griffin, P. (ritstj.). (1998). *Preventing reading difficulties in young children*. Washington, DC: National Academy Press.

Helga Sigurmundsdóttir. (2011). Að þjálfra færni í hljóðkerfis- og hljóðavitund. Í Steinunn Torfadóttir (ritstj.), *Leið til læsis: Handbók* (bls. 63-84). Reykjavík: Námsmatsstofnun og Háskóli Íslands.